

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

10. tbl. • Október 2003

Pottagaldrar fá Fjöreggið

Matvæla- og neringarfræðafélagið stendur árlega fyrir matvæladegi. Þann dag er Fjöreggið afhent fyrir lofsvert framtak á matvælasviði.

Matvæladagur MNÍ 2003 var haldinn föstudaginn 17. október, í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift dagsins var Neysluþróun - Breytingar á mataræði - Hvað býr að baki.

Orðin er löng hefð fyrir því að veita viðurkenningu á matvæladegi fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Auglýst er eftir tilnefningum og fjöldi þeirra berst ávallt til dómnefndar sem ákveður hver skuli hljóta viðurkenningu og verðlaunagripinn Fjöreggið. Þetta er í ellefta skiptið sem Fjöreggið er afhent en það eru Samtök iðnaðarins sem gefa gripinn.

Dómnefnd skipuðu að þessu sinni Brynhildur Briem, lektor í matvæla- og neringarfræði við Kennaraháskóla Íslands, Heiða Björg Hilmisdóttir, forstöðumaður eldhúss og matsala Landspítala – hákólasjúkrahúss og Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Dómnefndin stóð að venju frammi fyrir þeim vanda að þurfa að velja milli fjölda góðra tilnefninga sem allar höfðu margt til síns ágætis. Dómnefndin varð einhuga um að Pottagaldrar ehf. skyldu hljóta Fjöreggið fyrir kryddvörulínu sína og markaðssetningu hennar.

Í álit dómnefndar segir: Pottagaldrar ehf. hafa skapað sér sérstöðu á íslenskum matvælamarkaði með fjölbreyttu úrvali af kryddi og hugmyndaárikum vöruheitum og markaðsfærslu.

Framhald bls. 14



Jón Steindór Valdimarsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Sigfrid Þórisdóttir hjá Pottagöldrum með Fjöreggið

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Eiga bankarnir að þjóna fyrirtækjunum eða eiga þau?



Myndasýrpa

bls. 3

Göngin á Reyðarfirði og Kárahnjúkar



Tilslökun í ríkisfjármálum ógn við stöðugleikann

bls. 5

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI



Málþing um starfsskilyrði sprotafyrirtækja

bls. 6-7



Dagur iðnaðarins í Hafnarfirði

bls. 8-9

Fagmennska, framkvæmdir og framfarir í Firðinum



Dagur iðnaðarins hjá blikksmiðjum

bls. 11



Saman í sókn

bls. 12-13

Gagnkvæm gæðastjórnun SI og aðildarfélag



Eiga bankarnir að þjóna fyrirtækjunum eða eiga þau?

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskrum fjármálaþjónustu hin síðari ár og flestar til hins betra. Sameining banka og einkavæðing þeirra var löngu tímabær breyting. Framboð af hvers konar sérhæfðri fjármálaþjónustu hefur stórkæmst og fagmennska í íslenskum fjármálastofnunum er mun meiri en áður var.

Vissulega má halda því fram að með okkar veika og óstöðuga gjaldmiðil, þurfum við á allri fánægri þekkingu að halda til þess að verjast áföllum vegna óstöðugs verðlags og gengis. Þær tryggingar eru hins vegar dýru verði keyptar og bæta gráu ofan á svart þar sem fyrirtæki okkar þurfa að auki að greiða mun hærri vexti og þóknarir en þekkjast víðast annars staðar.

Góð afkoma en óhagkvæmur rekstur

Eigendur bankanna geta hins vegar glaðst yfir því að afkoma bankanna hefur verið með miklum ágætum. Því miður er það ekki svo að þessi rífandi hagnaður bankanna undanfarin ár stafi alfarið af

hagræðingu og sparnaði í rekstri þó að forsvarsmenn þeirra hafi reyndar stundum haldið haldið því fram.

Nýlega var haft eftir einum af banka- stjórum landsins að íslenska bankakerfið sé allt of dýrt. Starfsmenn séu hér hlutfallslega miklu fleiri en í nágrannalöndunum, útibú fleiri og kostnaður meiri. Þetta er afar merki- leg yfirlýsing, sérstaklega þegar litið er til þess að hinir sömu bankar skila mun meiri hagnaði en flestir bankar í nágrannalöndunum. Varla er hægt að draga aðra ályktun en þá að hér skorti virka samkeppni. Óhagkvæmur rekstur og methagnaður fara ekki saman þar sem samkeppni ríkir hvort sem verslað er með iðnvarning eða peninga.

Að keppa við eigin viðskiptavini

Annað sem þyrst hefur mjög undanfarin missiri eru bein afskipti og inngrip bankanna í atvinnurekstur almennt. Ekki er langt síðan allt ætlaði af göflum að ganga vegna þess að Iðnlánasjóður neyddist til að taka yfir rekstur gjaldþrota steypu- stöðvar meðan leitað var eftir kaupanda að eignunum. Nú er svo komið að ekki þykir neitt athugasvert við það að bankar kaupir og yfirtaki fyrirtæki, jafnvel í andstöðu við eigendur og stjórnendur. Bankar eru með þessum fjárfestingum orðnir gerendur sem móta stefnuna í atvinnulífinu en ekki aðeins þjónustufyrirtæki á sviði fjármálaþjónustu fyrir atvinnulífið. Algengt er að bankar séu með þessum hætti beint eða óbeint komnir í samkeppni við eigin viðskiptavini.

Sömu reglur ólík þróun

Íslensk löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög er mjög svipuð sambærilegum lögum í Danmörku. Sama er að segja um heimildir viðskiptabanka til að taka virkan þátt í óskyldum atvinnurekstri. Bæði hér og í Danmörku er slík þátttaka einskorðuð við að lánastofnanir verji hagsmunir sína vegna eldri útlána eða þá að um sé að ræða tímabundið eignarhald í samvinnu við aðila í umbreytingaverkefnum og undir

eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þó að reglurnar séu líkar er greinilegt að framkvæmdin er mjög ólík þar og hér. Því er vandséð hvaða nýjar reglur við þurfum umfram það sem tíðkast með öðrum þjóðum. Helst kæmi þó til greina að setja reglur um eignarhaldstíma lánastofnana á ráðandi hlutum í óskyldri starfsemi líkt og gert er með eigin bréf hlutafélaga umfram 10%. Einnig er rétt að skoða hvort vernda þarf betur hagsmunir minnihlutaeigenda en síðast en ekki síst hvort Fjármálaeftirlitið sinnir því lykilhlutverki sem því er ætlað í lögunum.

Skráðum félögum fækkar

Það kann vel að vera að hjá milljóna- þjóðum sé látið óátalið að bankar í einkaeigu séu virkir fjárfestar í óskyldri atvinnu- starfsemi. Lítil og viðkvæmur hlutabréfa- markaður okkar þolir þetta aftur á móti illa. Tölurnar tala sínu máli. Skráðum fé- lögum fækkar og engin ný félög koma inn á markaðinn. Það er raunalegt að horfa upp á það að þessi leið upprennandi fyrir- tækja til þess að afla sér áhættufjár, auð- velda kynslóðaskipti, bæta eigin rekstur og hleypa í hann nýju blóði, hefur skyndilega lokast. Í þessum harða heimi verður oft ekki bæði haldið og sleppt. Sá sem fer með eigið fyrirtæki á markað verður að vera við því búinn að geta ekki ráðið því hver kaup- ir og selur hlutabréfin. Það er hins vegar nýtt að geta búist við áhlaupi frá eigin við- skiptabanka.

Brothættur trúnaður

Milli lánastofnana og viðskiptavina þeirra verður að ríkja trúnaður. Sá trúnaður er brothættur þegar bankarnir fara hamföllum á hlutabréfamarkaði. Vissulega má segja að almennir hluthafar geti notið góðs af verðhækkunum þegar fjársterkir aðilar takast á um eignarhald og völd í stærstu fyrirtækjum landsins en að sama skapi eru almennir hluthafar utangátta í slíkum átök- um og óvíst hvort hagsmunir þeirra er tryggilega gætt.

Menn eru ekki á einu máli um það hver áhrifin af þessum miklu breytingum og sviptingum verða til lengdar en allir eru sammála um að hér er mikið í húfi; sjálf framtíð íslenska hlutabréfamarkaðarins.

Sveinn Hannesson



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
10. töl. Október 2003
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 22.10.2003
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir á slíkum tilvikum.

Framkvæmdastjórar SA og aðildarfélaga skoðuðu framkvæmdir við Kárahnjúka og jarðgöng í Reyðarfirði í fyrsta hausthretinu 17. - 18. september.

Birt með leyfi myndasmiðanna Sigurðar Jónssonar og Ásbjörns Jóhannessonar



Ásgeir Loftsson staðarverkfræðingur með hópinn við göngin í Reyðarfirði





Félagsmenn í byggingariðnaði athugið:

Munið samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir

Ofangreindir verkkaupar og Samtök iðnaðarins efna til námskeiða um samræmdar kröfur um gæðastjórnun meðal verktaka, hönnuða og verkkaupa við verklegar framkvæmdir á komandi misserum.

Námskeiðin eru ætlað verktökum, hönnuðum, fulltrúum verkkaupa og öðrum þeim sem koma að skipulagi, eftirliti og stjórnun verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð og byggingariðnaði.

Fyrsta námskeiðið verður haldið 23. október nk. en önnur í samræmi við aðsókn á komandi vikum.

Lengd hvers námskeiðs	1 dagur (8 klst)
Hámarksfjöldi á námskeiði	16 manns
Námskeiðagjald	Almennt verð 19.900 kr. Afláttarverð* 14.900 kr.
Innifalið í gjaldi	Námsgögn, kaffi og léttur hádegisverður.

* Afláttarverð gildir fyrir félagsmenn SI.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ ER HAFIN!

Hægt er að skrá sig í síma 591 0100, á vefnum www.gsi.is og með tölvupósti á netfangið gsi@si.is



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100
Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is



GÆÐASTJÓRNUN
IÐNAÐARINS
WWW.GSI.IS

Tilslökun í ríkisfjármálum ógn við stöðugleikann

Undanfarin ár hefur uppgjör í ríkisreikningum verið fjarri því sem lagt hefur verið upp með í frumvarpinu. Mikil aukning útgjalda til samneyslu hefur haft mest um það að segja. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir hóflegu aðhaldi í vexti samneyslunnar og að afgangur verði á ríkisfjármálum árið 2004. Mikið liggur við að fjárlögin skili þeirri niðurstöðu sem stefnt er að. Ef það gerist ekki munu vextir hækka fyrr og meira en ella og hafa neikvæð áhrif á skuldsett heimili og fyrirtæki, veikja samkeppnistöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni og grafa undan stöðugleika efnahagslífsins á komandi árum.

Taflan sýnir að tekjur og gjöld ríkissjóðs á föstu verði hafa oftast hækkað verulega frá því sem er í frumvarpinu. Áhrifa viðskiptasveiflunnar hefur gætt sterklega í tekjum en útgjöldin hafa hækkað bæði í upp- og niðursveflu.

Óreglulegir liðir útgjalda eins og sérstakar lífeyrisskuldbindingar, vaxtakostnaður eða afskrifaðar skattatekjur, hafa átt stóran þátt í aukningu útgjalda undanfarin ár. Þó er ljóst að reglubundnir liðir hafa hækkað að meðaltali um 12 milljarða króna umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ef miðað er við reynslu undanfarinna ára gætu útgjöld ríkissjóðs á komandi ári orðið 23 milljörðum meiri en það sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en tekjur ríkissjóðs hækkað um 15 milljarða. Tekjuafgangur frumvarpsins, rúmlega 6 milljarðar króna, mun þá snúast í tveggja milljarða króna halla þegar upp verður staðið. Auðvitað er erfitt að spá fyrir um

A. Útgjöld	1999	2000	2001	2002	Áætlun 2003	Spá* 2004
Frumvarp	216.464	218.202	226.632	245.515	253.300	265.340
Niðurstaða	240.424	262.992	246.862	274.283	271.000	288.168
Mismunur	23.960	44.790	20.230	28.768	17.700	22.828
p.a. reglulegir liðir**	14.563	10.437	12.324	12.695	10.700	12.828
B. Tekjur	1999	2000	2001	2002	Áætlun 2003	Spá* 2004
Frumvarp	218.766	235.428	259.368	264.605	264.000	271.550
Niðurstaða	268.973	258.070	256.191	265.949	277.246	286.175
Mismunur	50.207	22.641	-3.178	1.344	13.246	14.625
C. Afgangur	1999	2000	2001	2002	Áætlun 2003	Spá* 2004
Frumvarp	2.302	17.226	32.737	19.091	10.700	6.210
Niðurstaða	28.549	-4.922	9.329	-8.333	6.246	-1.993
Mismunur	26.247	-22.149	-23.408	-27.424	-4.454	-8.203

niðurstöðuna en það sem skiptir máli er að reynslan bendir til þess að sá afgangur sem stefnt er að muni snúast í halla á komandi ári.


Samneyslan hefur aukist hratt undanfarin ár og útgjaldaaukningin verið mest í heilbrigðismálum, almannatryggingum og menntamálum. Sem hlutfall af landsframleiðslu er samneysla á Íslandi nú 26,5%, sem er heimsmet. Fjárlagafrumvarp ársins 2004 gerir ráð fyrir að 1% magnaukning samneyslunnar og að óhóflegar launahækkunar ríkisstarfsmanna taki enda. Eigi þetta hóflega aðhald að ganga eftir kallar það á breytt vinnubrögð við gerð fjár- og fjárukalaga.

Rétt eins og peningastefna Seðlabankans hefur niðurstaða ríkisfjármála mikil áhrif á hagvöxt. Þau áhrif eru metin út frá breytingu á afgangi ríkisfjármála milli ára. Þegar lánsfjárbörf ríkissjóðs minnkar milli ára eða afgangur eykst dregur það úr hagvexti. Myndin sýnir að miðað við forsendur frumvarpsins er stefnt að því að ríkissjóður dragi úr hagvexti á komandi ári sem nemur um einu og hálfu prósentustigi af vexti landsfram-

leiðslunnar. Með því aðhaldi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er spáð 3,5 prósentu hagvexti árið 2004. Ef niðurstaða ríkisreiknings árin 2003 og 2004 verður á þann veg, sem reynslan bendir til, gæti hagvöxtur hinsvegar orðið mun meiri eða um 5%.

Það hlýtur að teljast áhyggjuefni ef allur þungi efnahagsstjórnarinnar fellur enn á ný á Seðlabankann og hann þarf að halda hagvexti innan þeirra marka sem samrýmist verðstöðugleika með örrari og meiri hækkun vaxta en nú er gert ráð fyrir. Slík útkoma mun leiða til frekari hækkunar á gengi krónunnar, minni útflutnings og meiri innflutnings. Í kjölfar aukins hagvaxtar erlendis er líklegt að vextir þar hækki á komandi árum sem mun leiða til hærri afborgana af erlendum skuldum landsmanna. Allt getur það lagst á eitt að auka viðskiptahallann hratt á komandi árum og stuðla að gengislækkun og óstöðugleika, sérstaklega þegar hillir undir lok stóriðjuframkvæmda. Ekki er langt síðan við upplifðum mjög háa vexti og mikla gengislækkun sem olli skuldsettum fyrirtækjum og almenningi verulegum búisfjum og ógnaði fjármálastöðugleika. Að endurtaka slíkt ferli væri afar óviturlegt. Því er mikilvægt að hófleg áform ríkisstjórnarinnar um aðhald í fjármálum verði að veruleika á Alþingi á komandi ári.

Þorsteinn Þorgeirsson



Áskorun um að efla fjármögnun sprotafyrirtækja

Málþing um starfsskilyrði sprotafyrirtækja

Samtök iðnaðarins og hópur sprotafyrirtækja gengust fyrir málþingi hinn 1. okt. síðastliðinn um starfsskilyrði sprotafyrirtækja. Meðal frummælenda voru forráðamenn fjögurra sprotafyrirtækja, Marorku, Gagaríns, Bergspár og Elás auk fulltrúa frá Háskólanum í Reykjavík, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Iðntæknistofnun. Málþingið var liður í Nýsköpunarvikunni sem stóð frá 29. september til 1. október.

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins Sveinn Hannesson, opnaði málþingið og lýsti því hversu alvarlegt ástand ríkir nú í fjármögnun nýsköpunar- og þróunarstarfsemi á Íslandi. Framboð á áhættufjármagni hefur verið mjög af skornum skammti síðustu árin og farvegur áhættufjármagns uppþornaður. Hann kynnti ályktun sem lá fyrir fundinum og fól m.a. í sér áskorun til ríkisstjórnar, fjármálafyrirtækja, lífeyrisjóða, fjársterka einstaklinga og fyrirtækja að taka höndum saman um öflugt átak til að efla starfsumhverfi og fjármögnun sprotafyrirtækja.

Frumkvöðlastarfsemi og umhverfi frumkvöðla á Íslandi

- Niðurstöður GEM rannsóknar á vegum Háskólans í Reykjavík

Rögnvaldur Sæmundsson frá Háskólanum í Reykjavík fjallaði um niðurstöður nýlegra rannsókna á frumkvöðlastarfsemi og umhverfi frumkvöðla. Helstu niðurstöður úr þeirri rannsókn sýna að þótt frumkvöðlastarfsemi hér á landi mælist með því mesta sem þekkest í Evrópu, eða um 11%, skorti frumkvöðla tilfinnanlega fjármagn og þörf sé fyrir aukna frumkvöðlameinntun. Bankarnir eru tregir til að lána litlum fyrirtækjum fé og segja það ekki sitt hlutverk. Hátt vaxtastig og skattaumhverfið hjálpar heldur ekki til. Mikil þörf er því talin á stuðningsaðgerðum stjórnvalda bæði hvað varðar lánsfé og hlutafé svo og ívilnanir vegna fjárfestinga. Rögnvaldur lauk erindi sínu með því að leggja áherslu á nauðsyn frekari þekkingaröflunar um starfsemi og vanda sprotafyrirtækja á Íslandi.

Starfsskilyrði og uppbygging sprotafyrirtækja á Íslandi

Forsvarsmenn sprotafyrirtækjanna þau

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku, Guðný Káradóttir, Gagarín, Þorgeir S. Helgason, Bergspá og Elínóra Inga Sigurðardóttir, Elás gáfu innsýn í þróunarsögu fyrirtækja sinna sem starfa á ólíkum sviðum og ræddu hverju þyrfti að breyta í starfsumhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi.

Nokkuð var rætt um skilgreiningu á sprotafyrirtækjum og þær takmörkuðu upplýsingar sem er að finna í opinberum gögnum um vöxt og viðgang slíkra fyrirtækja. Gengið var út frá þeirri almennu skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum, háskóla, rannsóknarstofnana, annarra fyrirtækja eða

einstaklinga og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á markaði. Í umræðum kom fram að nauðsynlegt væri að skýra betur ýmis hugtök og skilgreiningar varðandi frumkvöðla og sprotafyrirtæki.

Hið dæmigerða sprotafyrirtæki sem byggir starfsemi sína á tækni, er með 1-25 starfsmenn, flesta háskólamenntaða og veltir 5-150 milljónum króna. Erfitt er að meta fjölda slíkara fyrirtækja á Íslandi nú en lausleg skoðun sýnir að þau fylla a.m.k. nokkra tugi. Óvissa og áhætta er mikil í rekstri slíkara fyrirtækja en ávinningur frumkvöðla og hluthafa getur verið mikill ef vel tekst til.

Uppbygging tekur tíma

Gera verður þó ráð fyrir að 80% sprotafyrirtækja nái aldrei því marki að skila stofnendum og eigendum sínum arði. Sú þekking sem verður til við starfsemi þeirra erfist þó áfram með starfsmönnum sem færast til í starfi og heldur þannig áfram að vaxa og skila arði til atvinnulífsins í heild.

Hagur ríkisjóðs af starfsemi þessara fyrirtækja er vel tryggður því að sprotafyrirtækin greiða margvísleg gjöld og skatta beint eða óbeint til ríkissjóðs, óháð rekstrarafkomu. Þau sprotafyrirtæki sem tekist hefur að blómstra hafa mörg hver nú þegar skilað ríkissjóði til baka margföldum þeim verðmætum sem ríkið hefur lagt í allt nýsköpunar og þróunarstarf atvinnulífsins frá upphafi. Það eitt ætti að vera nægileg sönnun fyrir stjórnvöld um arðsemi fjárfestinga sinna á þessu sviði og hvatning til frekari dáða. Mikilvægt er hins vegar að allir geri sér ljóst að uppbygging sprotafyrirtækja tekur tíma og í því sambandi er ekki óeðlilegt að tala um 10-15 ár. Það krefst því þolinmæði og langtímahugsunar að ná árangri á þessu sviði.

Forsvarsmenn sprotafyrirtækjanna sögðu allir að stjórnvöld þyrftu að skipulegga vel aðkomu sína að starfsumhverfi fyrirtækjanna og forðast að skekkja samkeppnistöðu þeirra innan lands. Einn fram-sögumanna nefndi að stjórnvöld yrðu að hætta að blanda byggðasjónarmiðum inn í fjármögnun blómlegra nýsköpunarhugmynda. Annar nefndi að gefa þyrfti öllum frumkvöðlum jafna möguleika, óháð menntun, aldri, kyni og útliti og þörf væri á viðhorfsbreytingu hjá stjórnvöldum og



stuðningsumhverfinu gagnvart skapandi einstaklingum.

Í máli manna kom fram að vandi sprotafyrirtækja er einkum fólgin í kostnaði við þróunarstarf og markaðssetningu erlendis, erfiðleikum við að útvegum fjármagns og óþolinmæði fjárfesta og lánastofnana. Hafa yrði langtímahugsun að leiðarljósi varðandi arðsemi og hagnað.

Viðhorf og aðkoma áhættufjárfesta.

Áhættufjárfestar, bæði úr opinbera og einkageiranum, lýstu viðhorfum sínum varðandi aðkomu og afkomu sprotafyrirtækja. Í máli fulltrúa fjárfesta kom m.a. fram að stutt væri síðan mikið áhættufjármagn hefði verið í umferð og menn keppt um að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Nú væri öldin önnur því að lítið áhættufjármagn væri í boði og áhættufjárfestarnir horfnir. Á sama tíma hefði viðskiptahugmyndum fækkað.

Í erindi Gunnars Arnar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs, kom fram að staða sjóðs er orðin mjög veik og ljóst að sjóðurinn verður að draga verulega úr starfsemi sinni að óbreyttu ástandi. Frá upphafi hefur sjóðurinn fjárfest í um 100 fyrirtækjum fyrir um 3,3 milljarða króna en hefur nú orðið að hætta nær alfarið nýfjárfestingum til þess að eiga möguleika á að fylgja eftir þeim fjárfestingum sem eiga besta möguleika. Meginverkefni næstu misseri verður að laða meira fjármagn að nýsköpunarverkefnum og styrkja sjóðinn.

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Fjárfestingarfélagisins Brúar sagði að félagið fjárfesti í óskráðum verðbréfum innanlands sem utan og í fáum en stórum verkefnum sem hafa öflugum stjórnendum á að skipa og trúverðuga möguleika á útgöngu. Meðal þeirra skilyrða, sem sjóðurinn setur, eru að fyrirtæki hafi góða vöru eða tækni og samkeppnisstaða þess sé sterk, það eigi möguleika á alþjóðlegum markaði, hafi góð vaxtarskilyrði og stöðugt fjárstreymi. Aðkoma Brúar er skilgreind í upphafi og félagið gerir kröfu um stjórnarmann í þeim félagum sem það fjárfestir.

Viðhorf og stuðningur stjórnvalda - ríkisútgjöld eða arðbær fjárfesting?

Fulltrúar stjórnvalda og stuðningsumhverfis ræddu ólík viðhorf varðandi stuðning stjórnvalda við nýsköpunar- og þróunarstarf sprotafyrirtækja og leituðust við að svara þeirri spurningu aðstandenda málþings hvort skoða bæri þennan stuðning

sem ríkisútgjöld eða arðvænlega fjárfestingu fyrir ríkissjóð?

Sveinn Þórgrímsson, ráðuneyttisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sagði m.a. að samdráttur hefði verið í framboði áhættufjár frá miðju ári 2000 en það hefði endurspeglad alþjóðlegan efnahagssamdrátt. Afleiðing þess væri mikil fjölgun erinda sem ráðuneytinu bærust. Ófullnægjandi afkomu opinberra sjóða, sem hafa verið settir á stofn til stuðnings nýsköpun meðal annars, mætti rekja til sömu ytri orsaka. Hins vegar bæri nú meira á að fullþróaðar afurðir dagaði uppi vegna skorts á fjármagni og framtafsfjárfestar legðu nú mesta áherslu á að verja eldri fjárfestingar sínar.

Opinbert fé hefði komið víða við sögu við uppbyggingu atvinnulífsins en í sumum tilvikum hefði e.t.v. verið gengið of langt. Spurningin væri hvort ríkið ætti að gera minni kröfur til veðtrygginga eða arðsemi fjárfestinga sinna en almennt gerist á markaði Veigamesta framfararsporið taldi

Sveinn vera að finna í lagaprenninni um Vísinda- og tækniráð, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Sveinn taldi þó að ýmislegt fleira vantaði en peninga. Eins og staðan væri í dag væri stuðningur hvort tveggja, útgjöld og fjárfesting en fjárfestingarstefnan ynni jafnt og þétt á – víðast hvar.

Að mati Karls Friðrikssonar, markaðs- og framkvæmdastjóra Iðntæknistofnunar hefur fjárfesting Íslendinga í rannsóknum og þróunarstarfi skilað framúrskarandi árangri á undanförunum árum með fjölgun starfa og vaxandi útflutningi á vörum og þjónustu. Meginatriðið sé metnaður við hugmyndaleit og rökhusun við verkefnaval en einnig samhæfing þátttakenda og hagsmunaaðila við stjórnun verkefnis.

Í fundarlok var rædd og samþykkt ályktun málþingsins.

Davíð Lúðvíksson / Þóra Kristín Jónsdóttir

Ályktun Málþings um starfsskilyrði sprotafyrirtækja

Málþing um starfsskilyrði sprotafyrirtækja haldið á vegum Samtaka iðnaðarins ásamt hópi sprotafyrirtækja þann 1. október í tilefni í Nýsköpunarvikun sendir frá sér eftirfarandi ályktun.

Alvarlegt ástand ríkir um þessar mundir á Íslandi í fjármögnun sprotafyrirtækja. Á stuttum tíma hafa einkaaðilar, lífeyrissjóðir og fjárfestingafélög stærri fyrirtækja dregið sig út úr fjárfestingum í sprotafyrirtækjum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur einnig þurft að draga verulega úr áhættufjárfestingum sínum vegna fjárskorts. Á sama tíma hafa sjóðir Rannís staðið í stað þrátt fyrir verulega fjölgun einstaklinga og fyrirtækja með vænleg rannsókn- og þróunarverkefni. Það má því segja að farvegur áhættufjármögnunar á Íslandi hafi þornað upp. Starfsskilyrði lítilla sprotafyrirtækja, sem byggja á rannsókn- og þróunarstarfi, hafa því snarversnað.

Afleiðingin getur orðið sú að mörg álitleg sprotafyrirtæki, sem annars eiga góða möguleika á að verða blómleg og arðsöm framtíðarfyrirtæki á Íslandi, lognist útaf og dey. Enn alvarlegra er að við núverandi skilyrði er stór hætta á að þekkingin sem þessi fyrirtæki búa yfir gangi ekki til næstu kynslóðar fyrirtækja og leiða því ekki til sköpunar verðmæta. Þannig gætu miklir fjármunir, sem þegar hafa verið lagðir í þessi fyrirtæki, farið í súginn án þess að skila eigendum sínum og íslensku samfélagi arði.

Málþing um starfsskilyrði sprotafyrirtækja skorar á ríkisstjórn, banka og aðrar fjármálastofnanir, lífeyrissjóði, fjársterka einstaklinga og öflug fyrirtæki að kynna sér vel þau tækifæri sem felast í fjárfestingum og stuðningi við sprotafyrirtæki og starfi frumkvöðla. Skorað er á þessa aðila að taka höndum saman og gera öflug áttak til að efla á ný fjármögnun og fjárfestingar í rannsókn- og þróunarstarfi sprotafyrirtækja og starfi frumkvöðla. Þá leggur málþingið til við stjórnvöld að skilgreina vel og kynna með hvaða hætti hið opinbera komi að ólíkum þáttum í starfi sprotafyrirtækja, þ.e. rannsóknum, vöruþróun og erlendri markaðssetningu.

Stuðningur opinberra aðila við rannsóknir og vöruþróun er stuðningur við þekkingarsköpun og er því samfélagsleg fjárfesting líkt og menntun. Það er án efa ein besta fjárfestingin sem ríkið gæti lagt í við núverandi aðstæður að leggja 1 milljarð króna til árlegrar ráðstöfunar í hinn nýja Tækniþróunarsjóð strax á næsta ári og styrkja eigið fé Nýsköpunarsjóðs þannig að árlegt ráðstöfunarfé hans verði a.m.k. einn milljarður króna.

Laugardaginn 11. október sl. efndu Samtök iðnaðarins til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði með Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarbæ, fasteignasölum á svæðinu, birgjum og íslenskum framleiðendum.



Fagmennska, framkvæmdir og framfarir í Firðinum

Félagsmenn SI og MIH kynntu þjónustu sína og framleiðslu og almenningi var boðið í opið hús í nýbyggingum, verksmiðjum og verslunum víða í bænum.

Móttaka gesta og sýning var í samkomusal Hauka á Ásvöllum. Í lok dags var þátttakendum og samstarfsaðilum boðið í létt teiti þar sem árangur dagsins var veginn og metinn.

Áætlað er að um 2.500 manns hafi sótt kynninguna að Ásvöllum og að sögn byggingaverktaka var mjög góð aðsókn í opið hús á Völlum. Svæðið vakti athygli jafnt

Hafnarfirðinga sem annarra gesta og upplýst hefur verið að nokkrar íbúðir hafa selst í tengslum við daginn.



Móttaka gesta og sýning fór fram í glæsilegu Íþróttamiðstöðvar Hauka á Ásvöllum



Kynning Hafnarfjarðarbæjar á skipulagi Vallahverfis vakti athygli



Glæsilegt kynningarrit um viðburði dagsins var gefið út í 70 þúsund eintökum og dreift inn á hvert heimili á höfuðborgarsvæðinu



Steypustöðin kynnti úrval af hellum og steinum og bauð fólki í opið hús í verksmiðju fyrirtækisins við Hringhelli í Hafnarfirði



Hit innréttingar kynntu yfirborðshúðun innréttinga sem er nýjung á Íslenskum innréttingamarkaði og hentar vel við endurnýjun eldri innréttinga



Kaffitár sá um glæsilegar kaffiveitingar da í samkomusal Hauka



um forsal og samkomusal nýju



Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri
Hafnarfjarðar lýsti
yfir mikilli ánægju
með daginn og
þakkaði fyrir þarft
og gott framtak MIH
og SI. Hann lýsti
jafnframt yfir áhuga
á að endurtaka
leikinn að ári



Guðlaugur Adolffson
formaður
Meistarafélags
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði var að
vonum ánægður
með daginn enda
markmiðum hans
náð í flestum eignum



Í lok dagsins var efnt til teitis og var þar
glatt á hjalla meðal gesta eins og sjá má á
meðfylgjandi myndum



Víða var opið hús hjá fyrirtækjum og framleiðendum í Hafnarfirði
í tilefni dagsins



gins

SI
Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
Sími 591 0100 - www.si.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Bærinn í hrauninu
www.hafnarfjordur.is

MEISTARAFÉLAG IÐNAÐARMANNA
Bæjarhrauni 2 - Sími 555 2666
Netfang mih@mmedia.is

Veljum Íslenskt
...og þú ert með
Samtök iðnaðarins

meistarinn
Þar sem þú finnur
fagmenn til verksins

Upplýsingar verði að þekkingu

Samtök iðnaðarins bjóða á næstunni námskeiðið „Þekking í þínu fyrirtæki.“ Markmiðið er að fyrirtæki breyti ósamstæðum upplýsingum í heildstæða þekkingu sem nýtist þeim til að bæta rekstur sinn.

Öflun upplýsinga er leið til réttra ákvarðana

Á hverjum degi og jafnvel oft á dag þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir. Forsendur ákvarðana geta verið æði mismunandi. Þær geta byggst á tilfinningu, reynslu, áhrifum annarra eða illri nauðsyn. Ef maður hefur haldgóða þekkingu á öllum forsendum, aðstæðum og staðreyndum er mun auðveldara að vega og meta hlutina af skynsemi áður en ákvörðun er tekin. Þá aukast líkurnar á að tekin sé rétt ákvörðun. Til að svo megi verða þarf stjórnandi að búa yfir upplýsingum úr öllum þáttum rekstrarins og geta gripið til þeirra þegar á þarf að halda.

Ef tiltekin vél dregur úr getu framleiðslulínunnar þarf stjórnandinn upplýsingar, t.d. um hve oft vélin hefur bilað, hve vel starfsmenn kunna á hana, hve slitin hún er og hve langur uppstillingartíminn er. Til dæmis er skynsamlegt að mæla nákvæmni nýrra véla til að auðveldara sé að rekja galla í framleiðslu til vélaslits. Í slíku tilviki er ekki skynsamlegt að láta nægja að álíta hitt eða þetta, betra er að byggja úrlausnina á tölulegum staðreyndum ef þess er nokkur kostur. Tölulegar upplýsingar gera kleift að staðfesta hvort árangur hefur náðst.

Þekking er forsenda úrbóta

Upplýsingar frá innra eftirliti þurfa að vera hentugar og aðgengilegar til úrvinnslu þegar á þarf að halda. Hið sama á við um kvartanir viðskiptavina. Slík þekkingaröflun má hvorki vera tímafrek né kostnaðarsöm og þarf að vera í samræmi við notagildið. Upplýsingar sem ekki liggja fyrir, má í mörgum tilvikum afla með einfaldari könnun, úttekt eða með því að draga þær saman úr fjárhags-, launa-, verk- eða öðrum bókhaldskerfum í fyrirtækinu.

Áður en fjárfest er, eða breytingar gerðar, er nauðsynlegt að þekkja núverandi ástand í smáatriðum. Því þarf að afla viðamikillar þekkingar varðandi aðstæður og aðferðir þegar ráðist er í umbótaverk-



Ferdinand Hansen



Ingi Bogi Bogason

efni. Mikilvægt er að geta rakið sig að rótum vandans. Tölulegar staðreyndir um tímagildi, kostnað, bilanir, þekkingu, frávik og fleira í þeim dúr gera kleift að skoða ástandið með myndrænum hætti. Til dæmis er auðvelt að setja hlutina upp í töflur, gröf og flæðirit. Slíkt gefur oft nýja og betri sýn.

Vandinn vex hratt

Öflun upplýsinga leiðir oft til þess að

rekja má vandann að rótum hans. Vandamál, sem á upptök sín á einni vinnustöð, uppgötvast gjarnan seint í framleiðsluferlinu hjá öðrum sem bera þá jafnvel bæði skömmina og kostnaðinn. Hitt er líka staðreynd að mistök snemma í framleiðslu- eða þjónustuferlinu geta orðið að miklum og dýrkeyptum vanda við afhendingu. Oft má gera úttekt og afla upplýsinga með einföldum og fljótlegum aðferðum. Margar aðferðir koma til greina en aðalatriðið er að laga aðferðina að aðstæðum og umfangi verkefnisins. Þá er um að gera að láta hugmyndafluglið ráða ferðinni og kafa hvorki dýpra né nákvæmar í hlutina en nauðsynlegt er. Við úrvinnslu verkefna (mikið álag á söludeild, flöskuhálsar í framleiðslu, kvartanir viðskiptavina, gerð starfsmannastefnu, gerð fjárfestingaráætlunir og fl.) má oft á tíðum, með nokkurra klukkustunda vinnu, afla nægilega áreiðanlegra upplýsinga til að taka árangursríkar ákvarðanir.

Greining á vanda: aukin framleiðni

Miklu máli skiptir að vinnuferlið sé skoðað sem heild. Allar einingar þess þurfa að vera skilgreindar og falla vel saman svo að starfsemin gangi eins og vel smurð vél. Starfsfólk þarf að vera þjálfað til starfa og vita hvar skórin kreppir. Með því að greina aðföng, t.d. ástand véla, þekkingu og færni starfsfólks, skapast aðstæður til að bæta reksturinn með markvissum hætti á öllum sviðum og auka þannig framleiðni fyrirtækisins.

Námskeið: Öflun þekkingar – umbótastarf

Samtök iðnaðarins bjóða á næstunni námskeið þar sem kennt verður hvernig fyrirtæki geta aflað upplýsinga og notað þær til að bæta reksturinn. Markmiðið er að fyrirtæki breyti ósamstæðum upplýsingum í heildstæða þekkingu.

Æskilegt er að frá hverju fyrirtæki komi a.m.k. tveir stjórnendur (verk-, framleiðslu- eða framkvæmdarstjórar) til að vinna verkefni sem snúa að þeirra eigin fyrirtæki.

Undirritaðir veita frekari upplýsingar um undirbúning námskeiðsins.

Ferdinand Hansen og Ingi Bogi Bogason

Góð aðsókn að blikksmiðjum á Degi iðnaðarins

Laugardaginn 20. september sl. gengust Félag blikksmiðjueigenda og Samtök iðnaðarins fyrir Degi iðnaðarins með blikksmiðjum. Tilgangurinn var að vekja athygli á blikksmiðinni og kynna aðstöðu og tækjakost í nútíma blikksmiðjum, framleiðslu þeirra og þjónustu. Blikksmiðin er dæmigerð iðngrein sem nýtir sér nýjustu tækni, svo sem tölvustýrðar vélar en byggist

samt á áratuga reynslu handverksins.

Háþróuð tæknigrein

Alls voru níu smiðjur með opið hús í Reykjavík, Kópavogi, Akranesi, Akureyri, Selfossi og Vestmannaeyjum. Þær voru af öllum stærðum en áttu það sameiginlegt að vera gott sýnishorn af góðum, þrifa-legum og áhugaverðum vinnustöðum. Margir hina fjölmörgu gesta, sem litu inn,

höfðu orð á því hvað allt væri snyrtilegt og einnig kom á óvart hvað mikið var af háþróuðum vélum og tækjum sem hafa í raun breytt blikksmiðafaginu síðustu árin í sannkallaða tæknigrein.

Hér á síðunni má sjá myndir úr fyrir-tækjum sem höfðu opið hús á Degi iðnaðarins með blikksmiðjum.

Ingólfur Sverrisson





Félag
hárgreiðslu- og
hárskerameistara
á Norðurlandi

Félag
hársnyrtífólks
Austurlandi



Saman í sókn: Gagnkvæm gæðastjórnun SI og aðildarfélaga

Félögin, sem á sínum tíma störfuðu innan Landssambands iðnaðarmanna og nú mynda stofninn í Samtökum iðnaðarins auk öflugustu iðnfyrirtækja landsins, eru í óðaönn að styrkja innviði sína og stjórnarhætti. Eins og allir vita hafa starfsskilyrði fyrirtækja á Íslandi, bæði smárra og stórra, gjörbreyst á undanförunum árum. Allir

þurfa að bregðast þessum breytingum, líka félög sem byggjast á gamalli hefð.

Á þessu ári hafa Samtök iðnaðarins gengist fyrir því í mikilli og góðri samvinnu við forystumenn félaga að semja gæðahandbækur fyrir félögin á opin og lýðræðislegan hátt. Fullgerðar verða þær birtar á gæðastjórnunarfef SI þar sem þær

verða öllum aðgengilegar. Markmiðið er að styrkja stöðir samvinnu SI og aðildarfélanna, hinum einstöku meisturum og fyrirtækjum þeirra til hagsbóta. Hér má sjá afstöðu forystumanna þriggja félaga, sem starfa á ólíkum sviðum og búa að ólíkri sögu en sjá allir ávinning af þessu starfi.



Nú þarf að fylgja eftir

Félag meistara og sveina í fataið er eitt þeirra aðildarfélaga Samtaka iðnaðarins sem hvað lengst eru á veg komin með að koma sér upp gæðakerfi í samvinnu við SI. Íslenskur iðnaður spurði Ólöfu Kristjánsdóttur, fyrrverandi formann FMSF, hver væri ávinningurinn af að byggja upp gæðakerfi.



Ólöfu Kristjánsdóttir

Ólöfu segir að félagsmenn FMSF spyrji gjarnan hvað félagið geri fyrir þá eða hvers vegna þeir eigi að taka þátt í félagsstarfinu og það hafi ýtt undir að stjórnin tók þá ákvörðun að vinna að upptöku gæðakerfis. „Það var orðið mikið kappsmál að fara í gegnum þetta ferli og skilgreina hvar félagið væri á réttri leið og hvað mætti betur fara en það útheimti talsverða undirbúningsvinnu,“ segir Ólöfu

Grunnur lagður að gæðakerfi

Síðastliðinn vetur vann stjórn félagsins að því að leggja grunn að gæðakerfi ásamt

starfsmönnum Starfsmanna iðnaðarins og sú vinna er nú vel á veg komin að sögn Ólafar. „Ferdinand Hansen, starfsmaður SI, hefur lagt stjórninni lið við að vinna gæðahandbók sem er eins konar lokapunktur á

ferlinu og gerir okkur kleift að fylgjast með því hvernig félaginu gengur að ná þeim árangri sem stefnt er að. Stjórnin er einhuga í þessu umbótastarfi og er reiðubúin að taka þátt í þeirri vinnu sem það útheimtir. Nú veltur það á henni að fylgja málinu eftir því að ef við gerum það ekki er allt unnið fyrir gýg.

Gæðakerfið eflir félagsstarfið

Ólöfu segir að stefnumótunarferlið sé langtíma verkefni en gæðakerfið sé félaginu afar mikilvægt því að það muni styrkja innviði þess og efla starfið með skýrum markmiðum. „Hlutverk hvers stjórnarmanns er m.a. rækilega skilgreint þannig allir, sem leggja þar hönd á plóg, þekkja hlutverk sitt og skyldur og að hvaða markmiðum er stefnt. Gæðahandbókin skiptir því miklu máli, ekki síst fyrir þá félagsmenn sem taka þátt í félagsstörfum í framtíðinni.“

Þóra Kristín Jónsdóttir

Tannsmiðir snúa bökum saman

Tannsmiðafélag Íslands var stofnað 15. maí síðastliðinn með sameiningu tveggja eldri félaga tannsmiða. Tannsmiðum þótti hag sínum betur borgið í einu félagi og vildu vinna saman að ýmsum hagsmuna- og framfarumálum sem snerta iðn þeirra. Á stofnfundinum var jafnframt samþykkt að ganga í Samtök iðnaðarins.

Formaður hins nýja félags er Soffía D. Halldórsdóttir. Hún segir aðild félagsins að SI vera mikilvæga. Þar með hafi félagið eignast samastað, hafi þar aðstöðu til að halda fundi og njóti mikillar þjónustu. „Við gerðum svonefndan þjónustusamning við Samtökin um að þau sjái t.d. um bókhald, fjárreiður og innheimtu félagsgjalda og síðast en ekki síst fær félagið stuðning af ýmsu tagi svo sem við innleiðingu gæðakerfis fyrir félagið sem skiptir það miklu máli. Aðildin að SI skapar því mikla festu í félagsstarfinu,“ segir Soffía „og þau eru okkar bakhjarl.“



Gæðakerfi í smiðum

Skömmu eftir að félagið var stofnað ákvað stjórnin að vinna eftir gæðastjórnunarkerfi og fljótlega var hafist handa við að koma því á laggirnar með aðstoða starfsmanns SI. Sú vinna er mjög vel á veg komin að sögn Soffíu og gæðakerfið verður væntanlega formlega tekið í notkun á vefsetri félagsins síðar í þessum mánuði. „Þar eru lagðar skýrar línur um markmið og leiðir og í hverju hlutverk hvers stjórnar-

manns er fólgið. Þetta auðveldar því nýjum fólki að taka þátt í stjórnarstarfi. Kerfið veitir líka gott aðhald því að þar verða tíunduð þau markmið og verkefni sem stjórnin hyggst vinna að og hvernig þeim miðar. Þar verður einnig að finna lög félagsins.“ Þegar fram líða stundir stefnir félagið að því að koma sér upp heimasíðu með upplýsingum um iðngreinina og þar verður krækja inn á gæðakerfið.

Fagmennska fyrir öllu

Soffía segir félagið leggja mikla áherslu á að menntun félagsmanna sé sem mest og best og að fagmennskan sé ætíð höfð að leiðarljósi. „Félagið hefur mikinn hug á að taka þátt í að móta nám tannsmiða en það fer fram í Tannsmiðaskólanum sem er námsbraut á vegum menntamálaráðuneytisins.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Námskeiðið var kveikjan

Meistarafélag Suðurlands var stofnað á Selfossi fyrir um 40 árum en félagssvæði þess nær til þriggja sýslna á Suðurlandi, Vestur-Skaftafells-, Rangárvala-, og Árnessýslna. Félagsmenn eru tæplega 30 talsins aðallega í byggingariðnaði. Megintilgangur félagsins er m.a. að gæta hagsmuna félagsmanna og stuðla að aukinni verkþekkingu og menntun félagsmanna. Í því skyni tekur félagið þátt í Menntafélagi byggingariðnaðarins sem margir félagar þess hafa notið góðs af að sögn þeirra Sveins Pálssonar, formanns og Agnars Péturssonar, varaformanns MFS.

Nýtt gæðakerfi félagsins lofar góðu

Síðastliðinn vetur vann félagið ötullega að því að koma sér upp gæðakerfi og það hefur nú verið tekið í notkun. Sveinn Pálsson segir að kveikjan að þeirri vinnu hafi verið námskeiði í gæðastjórnun sem stjórnarmenn sóttu en það var haldið á vegum Samtaka iðnaðarins. Í framhaldi af því ákvað stjórnin að leggja í þessa vinnu og framhaldið lofar góðu. „Ávinningurinn er



framtíðarstefnu. Félagið er nú að undirbúa útgáfu bæklingis til að kynna starfsemi sína og vekja athygli á því hvað það er að fást við.

Farið sé að settum leikreglum

Til stendur að halda fund með sveinafélaginu á félagssvæðinu. Tilgangurinn með þeim fundi er m.a. að ræða samskipti sveina og meistara á félagssvæðinu. Eins og í öðrum félögum er stefnt að því að fjölga félagsmönnum, ekki síst með því að gera fyrirtækjum og meisturum grein fyrir því hvað félagið og Samtök iðnaðarins hafa að bjóða.

Við berjumst einnig fyrir því að lögboðin meistararéttindi og uppáskriftir séu virt enda er starfsheiti meistara lögverndað og við krefjumst þess að byggingaryfirvöld og sveitarstjórnir virði þann rétt og fari að leikreglum en á því er því miður mikil misbrestur, ekki síst af pólitískum ástæðum,“ segja þeir Sveinn og Agnar að lokum.

Þóra Kristín Jónsdóttir



fyrst og fremst fólgin í að félagsstarfið verður markvissara en ella og kerfið auðveldar nýjum mönnum að koma inn í stjórnina því að gæðahandbókin lýsir skilmerkilega í hverju störf þeirra eru fólgin. Þar er einnig að finna lög félagsins og

Litla höfundaréttarkverinu vel tekið

Notkun ljósmynda á opinberum vettvangi hefur farið sívaxandi mörg undanfarin ár m.a. með mikilli fjölgun fjömiðla, rafrænna sem prentaðra. Þá hefur sjónvarpsstöðvum fjölgað til muna og notkun Netsins verður æ útbreiddari. Útbreiðsla auglýsinga hefur vaxið mjög að sama skapi og enn sér ekki fyrir endann á hinni öru þróun myndanotkunar.

Vaxandi þörf fyrir að þekkja rétt sinn

Allt þetta hefur aukið þörfina fyrir að bæði ljósmyndarar og viðskiptavinir þeirra viti hver réttur þeirra er og hvaða lög gilda um notkun ljósmynda. Á síðasta ári gaf Ljósmyndarafélag Íslands út lítið kver þar sem leitast er við að svara þeim spurningum sem oftast vakna varðandi ljósmyndir og höfundarétt og reynt að varpa



ljósi á mikilvægustu atriði sem snúa að ljósmyndurum og viðskiptavinum þeirra.

Góðar viðtökur

Sigurður Stefán Jónsson, stjórnarmaður í Ljósmyndarafélagi Íslands, var einn helsti

hvatamaðurinn að útgáfu bæklingins. Hann segir að bæklingurinn hafi hlotið góðar viðtökur bæði meðal ljósmyndara og viðskiptavina enda sé mikilvægt að hvorir tveggja séu vel upplýstir hver réttur þeirra er varðandi notkun ljósmynda. Sigurður segist vonast til að þetta sé skref í þá átt að auka vitund almennings um höfundarétt almennt séð.

Í bæklingnum er meðal annars að finna svör við spurningum eins og þessum: Hver á myndina? - Hvernig má nota hana? - Má birta hana opinberlega? - Má breyta henni? - Má selja hana? - og svo mætti lengi telja.

Ýtarlegri upplýsingar má finna á vefsetri Myndstefs á slóðinni: www.myndstef.is

Þóra Kristín Jónsdóttir

Framhald af forsíðu

Pottagaldrar fá Fjöreggið

Fyrirtækið hefur sýnt frumleika, þrautseigju í samkeppni og verið brautryðjandi á sínu sviði hérlendis. Það hefur oft farið nýstárlegar leiðir og hvatt neytendur til að matreiða spennandi og hollan mat. Fyrirtækið hefur stuðlað að því að neytendur geti stjórnað betur eigin saltnotkun með því að hafa kryddblöndur án salts í grænum umbúðum og kryddblöndur með salti í gulum umbúðum. Einnig má þess geta að saltið, sem fyrirtækið notar, inniheldur 60% minna natríum en venjulegt salt. Þá hefur fyrirtækið gefið framleiðslu sinni aukið gildi með því að gefa út Galdrabók Pottagaldrar þar sem blandað er saman uppskriftum heilræðum og fróðleik sem eykur ánægju við eldamenskuna.

Aðrar tilnefningar, sem dómnefndinni fannst rétt að vekja sérstaka athygli á, eru: Kjarnavörur hf. fyrir Ljóma en Ljóma-smjörlikið er eitt af elstu og þekktustu vörumerkjum á Íslandi og hefur verið



ómissandi í íslenskum eldhúsum í yfir 70 ár. Ljóma smjörlikið hefur tekið miklum breytingum í árunna rás og er nú m.a. framleitt án transfitusýra. Þá er gaman að sjá kalli tímans svarað með því færa gamalgróið vörumerkið á nýja vöru sem er matarolía þannig að þeir, sem vilja frekar olíu en smjörliki, geta haldið tryggð við Ljómann.

Fiskbúðin Fylgífiskar fyrir að ýta undir fiskneyslu landsmanna með fjölbreyttum og nýstárlegum réttum úr fiski. Framtak Fylgífiska er mjög jákvætt, ekki síst í ljósi þess að við virðumst vera að hætta að borða fisk ef marka má nýja könnun Manneldisráðs Íslands. Öll erum við hins vegar sammála um að fiskur er hollur matur.

Jón Steindór Valdimarsson

Tískudagar iðnaðarins - Samtakamáttur í markaðsstarfi skilar miklu -

Öll félög þjónustgreina innan Samtaka iðnaðarins hyggjast sameina krafta sína í næsta mánuði og gera átak í markaðsmálum sínum með því að efna til svonefndra Tískudaga iðnaðarins –2003 dagana 7. –16. nóvember.

Félagsmenn hyggjast m.a. opna fyrirtæki sín og hafa opið hús einn eða fleiri daga þar sem gestum og gangandi verður boðið að kynna starfsemi, handverki fagmanna, þjónustu þeirra, íslenski hönnun og framleiðslu undir kjörorðinu tíska en í því er fólgið svo margt sem á vel við þá vöru og þjónustu sem fagfólk í þjónustugreinum fæst við að skapa eða veita í dagsins önn.

Félögin, sem taka þátt í átakinu eru: Félag íslenskra gullsmiða, Úrsmiðafélag Íslands, Félag meistara og sveina í fataið, Félag snyrtifræðinga, Meistarafélag í hárgreiðslu, Tannsmiðafélag Íslands og Ljósmyndarafélag Íslands.

Örtækni nýr vaxtarbroddur í iðnaði

Þau svið tækni og vísinda, sem snúa að uppbyggingu efnis á nanóskala og stærðargráðu þar fyrir ofan, hafa verið í mikilli þróun undanfarnin ár. Þessi tæknisvið, sem á íslensku nefnast örtækni, eru nú talin einn helsti vaxtarprotinn í tækni og vísindum. Talið er að þróun hennar muni gerbreyta mörgum hefðbundnum lausnum í iðnaði framtíðarinnar.

Örtækni hefur þá sérstöðu vera þverfagleg í eðli sínu og samvinna ólíkra fræðasviða er forsenda árangurs. Háskólar hafa verið í forystu fyrir þessari þróun en mikið starf hefur einnig verið unnið innan rannsóknadeilda stórra fyrirtækja og stofnana.


Evrópusambandið hefur sett örtækni í öndvegi með sjöttu rammaáætlun sinni og er með sérstaka fjöggra ára áætlun á sviðinu. Þar sem lagðar verða 1300 milljónir evra í stuðning við verkefnið. Bandaríkin eru sömuleiðis með svonefnt „National Nanotechnology Initiative“ sem fékk 600 milljóna dollara framlag á þessu ári frá alríkisstjórninni.

Staða örtækni hér á landi skilgreind

Hér á landi hefur verið stofnaður svonefndur Örtæknivettvangur sem er samstarfsvettvangur þeirra sem vinna á sviðinu eða hafa hagsmuna að gæta. Samtök iðnaðarins eiga aðild þeim vettvangi. Vinna Örtæknivettvangs undanfarna mánuði hefur falist í að skilgreina stöðu örtækniinnar hérlendis og vinna að stefnumótun til framtíðar. Afrakstur þeirrar vinnu liggur nú fyrir í skýrslu sem verður kynnt Vísinda- og tækniráði á næstunni.

Margir hérlendis vísindamenn hafa aflað sér menntunar og þjálfunar á hinum ýmsu sviðum örtækni og hafa snúið heim að loknu námi með dýrmæta þekkingu og reynslu. Þetta mun efla þessi vísindi hér á landi og hefur kallað á stefnumótun í örtækni og uppbyggingu aðstöðu og tækjabúnaðar.

Það er eindregið mat Örtæknivettvangs að tækni muni á komandi árum verða einn helsti vaxtarbroddurinn innan há-tækniiðnaðar hér á landi sem og í öðrum löndum. Örtækni mun í auknum mæli hafa áhrif á nær öll tækni- og rannsóknasvið.



Kort yfir hina mismunandi skala hins efnislega heims. Örtæknijarninn veitir tólin til þess að vinna með efni á öllum þessum skölum.



Skrifað með atóm. Hér er ritað „atóm“ á japönsku.

Vinna hafin við nokkur örtækni-verkefni

Örtæknivettvangur hefur gert tillögur að 28 verkefnum varðandi örtækni. Verkefni má gróflega flokka í tvennt. Annars vegar eru verkefni sem beinast að því að bæta forsendur fyrir uppbyggingu örtækniinnar en hins vegar rannsókn- eða þróunarverkefni sem nýta sér örtækni. Hafin er vinna við nokkur þeirra síðarnefndu en önnur eru á byrjunarreit. Mörg þeirra varða nýtingu örtækniinnar innan líftækni. Þar er um að ræða verkefni innan skynjaratækni, matvælatækni, læknis- og lyfjafæði. Þau verkefni eru ýmist rannsóknaverkefni eða þróunarverkefni sem ætlað er að bæta framleiðsluvörur hjá starfandi íslenskum fyrirtækjum. Yfirborð án örvera væri t.d. verulegt framfaraskref í íslenskum matvælaíðnaði. Þetta gæti t.d. orðið sérstakt áherslusvið innan örtækniinnar hér á landi.

Örtækni-jarni með aðgangi að þekkingu og tækjabúnaði

Meginforseta fyrir þróun örtækniinnar á Íslandi er uppbygging Örtækni-jarna sem gæti tæknilega séð þjónað helstu áherslusviðum sem verða fyrir valinu. Kjarninn væri byggður þannig upp að fyrirtæki, sprotastarfsemi og rannsóknahópar fengju aðgang að þekkingu og tækjabúnaði. Hugmyndin er að einnig starfi hjá kjarnanum sérfræðingar á sviði örtækni sem geta miðlað þekkingu og reynslu. Kjarninn er miðstöð þar sem rannsóknahópar á vegum háskóla og stofnana eru í beinum tengslum við fyrirtæki og sprotastafsemi. Gera má ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu lágmarksaðstöðu Örtækni-jarna sé um 500 milljónir króna.

Örtæknivettvangurinn leggur eindregið til að gerð verði áætlun um uppbyggingu og fjármögnun slíks Örtækni-jarna. Örtæknivettvangur telur að það sé ekki á færi einnar stofnunar að sjá um slíka uppbyggingu. Mikilvægt er að allir þeir sem munu nýta sér aðstöðuna eigi aðild að uppbyggingu og stjórnun Örtækni-jarnans.

Davíð Lúðvíksson

Atvinnuleysið minnkar

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli er byrjað að minnka á landsvísu. Þetta sést greinilega í meðfylgjandi mynd þar sem árstíðarsveiflan í atvinnuleysisstiginu er leiðrétt. Leitni atvinnuleysis kemur í ljós þegar áhrif árstíðarbundinna starfa, eins og í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi, eru metin. Þegar tekið er tillit til árstíðasveiflunnar sést að atvinnuleysið náði hámarki á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Flest bendir til að atvinnuleysið haldi áfram að minnka á komandi missirum.

Atvinnuleysið minnkar hraðar á landsbyggðinni

Meðfylgjandi mynd sýnir að atvinnuleysið hefur minnkað fyrr og hraðar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun er athygliverð fyrir þá sök að hún staðfestir að áhrifa stóriðju er farið að gæta í eftirspurn á vinnuafli á landsbyggðinni. Atvinnuleysisstigið á höfuðborgarsvæðinu er einnig farið að minnka en þó minna og seinna en á landsbyggðinni, líklega vegna þess að áhrifa stóriðjuframkvæmda gætir þar síðar og er háð hinni almennu uppsveiflu.


Árstíðarsveiflur hafa minnkað á höfuðborgarsvæðinu

Þá er athyglivert að árstíðarsveiflur í atvinnuleysi hafa þróast á ólíkan hátt á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Sveiflurnar hafa farið minnkandi á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár en eru að aukast úti á landi. Þetta má rekja til þess að atvinnutækifærin eru orðin fjölbreyttari á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega eftir að Ísland gerðist aðili að EES samningnum sem hefur leitt til mikillar nýsköpunar í þjónustu og iðnaði. Þá eiga atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu hugsanlega greiðari aðgang að námi eða bótum en atvinnulausir á landsbyggðinni ef störfín hverfa. Einnig er líklegt að árstíðabundnar atvinnugreinar séu hlutfallslega meira ráðandi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Þorsteinn Þorgeirsson


Atvinnuleysið er byrjað að minnka

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli



Atvinnuleysið minnkar hraðar á landsbyggðinni

ársfjórðungslegar tölur



Minni árstíðarsveiflur í atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu

Árstíðastuðull atvinnuleysisihlutfallsins

